

## Svar

### utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Hildu Jönu Gísladóttur um skipan í stjórnir, starfshópa, nefndir, ráð o.þ.h.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hvernig skiptist búseta þeirra sem skipuð hafa verið í stjórnir, starfshópa, nefndir, ráð o.þ.h. á vegum ráðuneytisins og stofnana þess eftir sveitarfélögum?*

Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig búseta þeirra sem skipuð hafa verið í stjórnir, starfshópa, nefndir og ráð á vegum utanríkisráðuneytisins skiptist. Heildarfjöldi skipaðra aðila er 35 og búseta þeirra skiptist á milli 11 sveitarfélaga. Svarið miðast við þær stjórnir, starfshópa, nefndir og ráð sem eru starfandi á þeim tíma þegar fyrirspurnin er sett fram.

Sveitarfélag	Fjöldi
Akranes	1
Garðabær	5
Grenivík	1
Hafnarfjörður	2
Keflavík	1
Mosfellsbær	1
Mývatn	1
Reykjavík	20
Sauðárkrókur	1
Selfoss	1
Seltjarnarnes	1
<b>Alls: 11</b>	<b>35</b>

Alls fóru fjórar klukkustundir í að vinna svarið.